

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að banna stöðu ökutækja í Stakkholti við norðurkant frá Mjölnisholti að enda götunnar.
2. Að banna stöðu ökutækja við kant gangstéttar, norðvestan húsagötu við Kaplaskjólsvæg 27-71.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
3. Að banna akstur létttra bifhjóla á göngustíg sem nær frá Yrsufelli 15 (norðurhlið) og austur að Rjúpufelli 48 (norðurgafli). Stígurinn liggur meðfram Drafnar-, Eddu-, Fannar-, Gyðu- og Iðufelli.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B03.71 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
4. Að banna vinstri beygju frá Bústaðavegi norður Reykjanesbraut, mánudaga til föstudaga frá kl. 07.30–09.30 og 14.30–18.00.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B30.12 og undirmerki J06.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
5. Að settar verði gangbrautarmerkingar á Stórholt norðvestan Brautarholts.
Gangbrautin er táknuð með umferðarmerkinu D02.11 og yfirborðsmerkingu M13 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
6. Að Reykjastræti verði merkt sem göngugata. Heimiluð verði vörulosun í götunni frá kl. 07.00–11.00 virka daga.
Göngugatan er táknuð með umferðarmerkinu B01.11, með undirmerki göngugata og vörulosun ásamt tímamörkun, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
7. Að bifreiðastæði í Tryggvagötu við hús nr. 21-25 verði skilgreint sem stæði til vörulosunar og þar verði ekki heimil lagning ökutækja.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
8. Að heimiluð verði vörulosun í Geirsgötu við suðurkant syðri akbrautar. Heimildin gildi á 30 m kafla vestan Reykjastrætis. Ekki verði heimiluð vörulosun á 10 m kafla Geirsgötu vestan Reykjastrætis. Einnig verði heimiluð vörulosun á 15 m kafla austan Reykjastrætis. Heimildin gildir frá kl. 09.00–11.00 virka daga.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B24.11 og undirmerki vörulosun og tímamörk um hvenær og hvar vörulosun er heimil, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 28. september 2018.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.